

STURLUNGAR HINIR SÍÐARI

I

Sturla, sem kallaður var Smíða-Sturla eða Sturla smiður, var samtíða Jóni Arasyni, en þó líklega nokkru yngri. Faðir Sturlu hét Vilhjálmur, frægur af því, að hann hafði átt börn með stúlkum eigi allfáum, og því kallaður barna-Vilhjálmur. Enginn hafði látið sér koma til hugar að niðra Hvamm-Sturlu eða Jóni Loftssyni í Odda af þeim sökum, að báðir áttu mörg börn með ýmsum konum. En eftir að Stóridómur var kominn til sögunnar horfði öðruvísi við. Þá komst siðferðið á það stig, að fólk var miskunnarlaust líflátið í hinum helga stað þjóðarinnar, í sambandi við ástamál, karlar og konur. Voru karlmenn hálshögnir, en konum var troðið í poka, sem svo var ýtt eða fleygt út í hyl í Öxará. Virðist mér enginn smánarblettur á sögu þjóðar vorrar svartari en þessi. Menn hugsi sér athæfið. Mæður voru teknar frá brjóstbörnum sínum og myrtar miskunnarlaust, fyrir þá sök eina, að þær höfðu alið þessi börn. Hið heilbrigða í þessu efni er þó fyrst og fremst það, að móðirin geti stundað barn sitt engu síður þó að barnið sé ekki getið í löglegu hjónabandi, heldur í lausaleik, eins og kallað var.

Þetta siðleysi af verstu tegund, sem Stóridómur þýddi, kynni að hafa haft nokkur leið áhrif á þá ættarsögu, sem ég ætla hér að segja dálítið úr. Því að um faðerni og framætt Vilhjálms, sem kenndur var við börn sín, er ókunnugt. Eftir að Stóradómshugarfarið varð ráðandi, fór mönnum að hætta að þykja það nokkur frami að geta rakið ætt sína til manns, sem frægur hafði verið fyrir ástir sínar og barnafjölda. Og þykir mér ekki ólíklegt, að þetta kunni að hafa nokkru um valdið, að minningin um barna-Vilhjálmm féll

niður meir en svo, að menn hefðu hug á að vita nokkuð um framætt hans.

En mikill atgervismaður hefir hann verið, þessi Vilhjálmur, sem jafnvel hinir ágætustu ættfræðingar hafa ekki getað feðrað með neinni vissu. Næstu kynslóðirnar frá Vilhjálmi benda alveg ótvíræðlega í þá átt; því að þar voru afburðamenn, niður eftir nið. Og ekki þarf að efa, að norðlensku stúlkurnar hefðu ekki verið svona fúsar til að vera góðar við Vilhjálmi, ef hann hefði verið hversdagsmaður. Og blessuð sé minning þessara stúlkna fyrir þann góðleik. Honum að þakka er íslenska þjóðin nú auðugri að gjörvulegum piltum og stúlkum en ella mundi.

II

Sturlu smíðs og Bjarna sonar hans er getið í Árbókum Espólíns. Er auðséð af þeirri frásögn, að þeir feðgar hafa verið miklir atgervismenn. Sturla fer ungur til Þýskalands og fær þar orð á sig sem listamaður, málari eða myndhöggvari. Þar virðist hafa verið efni í ekki ófróðlega sögu. Eftir að hann kemur heim aftur, leggur hann fyrir sig smíðar, og er hagleik hans og glöggskyggni viðbrugðið. En fálátur mjög er sagt að hann hafi verið eftir að heim kom. Má geta sér þess til, að þó að hann vildi fara heim til Íslands aftur, muni honum hafa þótt sem hann ætti einhverju miklu á bak að sjá, er hann hvarf frá Þýskalandi. Og þó að ekki væri annað, þá var það, að á Þýskalandi gat hann verið listamaður, en ekki hérna heima. Og ætli ekki niðji Sturlu smíðs, Albert Thorvaldsen, hefði orðið að leggja fyrir sig askasmíði og þess háttar, í stað þess að gera heimsfræg líkneski, ef hann hefði ungur komið hingað til lands föður síns og alið hér aldur sinn til elli.

Bjarni Sturluson mun hafa verið maður bæði fríður sýnum og með afburðum karlmannlegur. Biskupsfrúnni á Hólum leist svo vel á Bjarna mjög ungan, að biskupnum, Óleifi Hjaltasyni, þótti ekki við unandi, og varð Bjarni að flýja land af þeim sökum. En að hann hafi verið sem afbrotamaður á Brimarhólmi, nær ekki nokkurri átt. Her-

floti Danakonungs var smíðaður á Brimarhólmi, og voru það vitanlega fæstir smiðirnir þar, sem stunduðu þá vinnu sem refsiprælar. Bjarni Sturluson hefir fengið þar atvinnu af því að hann var góður smiður. Og einn dag kemur Friðrik konungur II. niður á Hólminn til að sjá hvað gangi með að smíða herskipin. Og þá tekur konungur eftir óvanalega sterklegum ungum manni, sem gengur tiltakanlega rösklega að því að höggva eikina. Troels Lund, hinn mikli sagnfræðingur, gerir orð á því, hversu mannglöggur Friðrik konungur hafi verið, og mun þó oft hafa reynt meir á þann hæfileika konungs en þegar hann tók þennan sterklega og fallega Íslending í lífvörð sinn.

Er það mikill skaði, að saga Bjarna Sturlusonar skuli ekki vera fyllri. Það virðist mega telja víst, að Bjarni hafi ekki komið aftur til Íslands fyrr en eftir 1570. En árin 1563—70 var Norðurlandaófriðurinn mikli, er Danir og Norðmenn í þjónustu þeirra, börðust við Svía. Og telja má alveg víst, að Bjarni Sturluson hafi ekki heima setið, þegar Friðrik konungur fór með her sinn yfir til Svíþjóðar. Það er til býsna fróðleg bending um það, á hvern hátt Bjarni muni hafa tekið þátt í orrustunum í Svíþjóð. Pjetur heitinn Zóphóníasson, hinn ágæti ættfræðingur, sýndi mér eitthvert sinn, er ég var staddur á Landsbókasafninu, stórmerkilegan viðauka við það, sem í Árbókunum segir af Bjarna Sturlusyni. Er sá viðauki í einni af ættartölubókum Espólíns, en þær eru, ég man ekki hvort heldur 6 eða 8 bindi, og ekki þunn. En þarna hafði Espólín skrifað, að þegar Bjarni kom heim (sem líklega var 1573 og a. m. k. ekki fyrr; ég hefi um það fyrir mér bréfabók Guðbrandar biskups), þá hafi hann haft með sér marmarastaf, sem hann mat ekki minna en svo, að stafur þessi var, eftir því sem hann hafði sjálfur fyrir mælt, grafinn með honum. Nú er afar ólíklegt, að stafur þessi, eða sproti, eins og líklega væri réttar að orði komist, hafi verið úr marmara. Þar mun ekki vera um annað að ræða en ranga ályktun einhvers, sem séð hefir sprotann. Fílabeinssproti hefir þetta verið, slíkur sem gefinn hefir verið í heiðursskyni fyrir afreksverk í hernaði, frá því í fornöld. Hjá Rómverjum

var slíkur sproti nefndur scipio eburneus, og þurfti mikið að hafa afrekað til þess að hljóta hann. Og það má reiða sig á, að Bjarni hefir ekki hlotið heiðursmerki þetta fyrir ekki neitt, heldur fyrir hreystiverk unnin í ófriðnum í Svíþjóð. Það er auðséð, að Bjarni Sturluson hefir verið mjög mikilsmetinn maður, þegar heim kom. Hann fékk göfugt kvonfang, þar sem var Ingibjörg Pálsdóttir frá Möðruvöllum, og hann varð Lögréttumaður. En skemmtilegra er til þess að hugsa, að Bjarni var ekki í Lögréttunni, þegar hinn svívirðilegi Stóridómur var í lög leiddur.

Sonur Bjarna Sturlusonar og Ingibjargar Pálsdóttur var Oddur, sem orðlagður var fyrir krafta og kallaður Oddur sterki. Sonur Odds var Jón, sem einnig átt son með því nafni. Hafði Jón þessi Jónsson mikið orð á sér sem járnsmiður. Ég hefi það eftir Lýð Guðmundssyni í Hlíð, sem sjálfur var góður og þrautseigur járnsmiður, að Jón Jónsson mundi hafa orðið að standa á annan sólarhring við steðjann til þess að geta komið af ljásmíðarafreki, sem mikið orð fór af. Sonur Jóns þessa smíðs var Pjetur, sem einnig var kallaður smiður; en hans sonur Jón Pjetursson læknir (1733—1801), var einn af ágætustu Íslendingum á þeirri öld, og sennilega eins af bestu læknum, sem á þessu landi hafa verið. Jón Eiríksson konferensráð, sem tiltækir voru bestu læknar, sem kostur var í Danaveldi, treysti engum eins vel og Jóni Pjeturssyni. Til er lækningabók eftir Jón Pjetursson, sem Sveinn Pálsson (1762—1840) gaf út með miklum viðbótum. Er sú bók fróðleg. Má af henni m. a. sjá, að um daga Jóns Pjeturssonar hafa ýmsar mæður hér á landi átt svo illt, að börn, sem þær höfðu á brjósti, urðu veik af mjólkinni. Er annars brjóstamjólk, eins og menn vita, talin hollasta næringin, sem til er. Mjög kom mér það á óvart að sjá, að Jón læknir hefir skrifað íslensku heldur betur en Sveinn Pálsson, sem var þó orðlagður á sinni tíð fyrir rit-snilld sína. Bróðir Jóns læknis var Pjetur bóndi Pjetursson á Molastöðum (1734—1816), en hans son Pjetur bóndi á Tyrfingsstöðum (1765—1851). Hans son var Pjetur í Fremri-Kotum, afi minn (f. 1794); en dóttir Pjeturs á Molastöðum

með seinni konu var Guðrún, móðir Baldvins Einarssonar, er einn af mestu atgervismönnum var á Íslandi um sína daga, eins og kunnugt er.

Pjetur Pjetursson og Kristín Jónsdóttir bjuggu þar sem Uppsalar heita, þegar faðir minn fæddist, og er það nokkurskonar fyndni forlaganna; því að ýmsum í þeim ættum hefðu hásalir betur hæft en kot.

Faðir minn átti bróður, sem Jón hét, 10 eða 11 árum eldri; og ekki alsystkina annað. Jón þessi Pjetursson var mikill vaskleikapiltur, bæði sterkur og fimur, en varð aðeins tvítugur. Hann hrapaði til dauðs í Valagilinu, að föður mínum ásjáandi, og hygg ég, að faðir minn hafi aldrei orðið samur maður síðan, sem ekki er láandi. Faðir minn var röskleikamaður, þegar hann óx upp, en mun þó ekki í því efni hafa jafnast við Jón bróður sinn. En svo var mér sagt, þegar ég kom norður í Skagafjörð sumarið 1900, að til þess hafi verið tekið, hvað hann var fallegur. Kristín amma mín varð ekki gömul og kvæntist afi minn aftur, ekkju; áttu þau dóttur, sem Kristín hét, og fór orð af því, hversu falleg hún var. Hefir mér verið sagt, að norðanpiltar hafi í skólaferðum komið við í Fremrikotum til þess að undrast Kristínu — svo að ég noti orð úr Laxdælu. Það var Hannes Hafstein, sem mér sagði frá þessu, og var honum í besta lagi trúandi til að dæma um kvenfegurð. Ég veit annars lítið um föðursystur mína, sem faðir minn sjálfur hafði svo lítil kynni af, sakir þess hve ung hún var þegar hann fór að heiman. Hún fór til Vesturheims og giftist þar, og hefi ég frétt að hún eigi þar afkomendur. Ef einhver, sem þetta kemur fyrir augu, gæti sagt mér eitthvað af því frændfólki mínu, þá væri mér þökk á að það væri gert.

Er ég kom til Berlínar vorið 1908, kynntist ég sonarsyni Baldvins Einarssonar, er hét eins og afi hans; og eins Einari föður hans, er þeir feðgar komu til Reykjavíkur þá um sumarið. Baldvin Einarsson mun hafa verið líkur nokkuð í sjón afa sínum. Hann var einn af þeim ekki mörgu mönnum, sem mér hefir virst mega taka til jafns við Hannes

Hafstein að fríðleik; en hann var nokkru hærri maður og ekki feitur.

Ég er í þakkarskuld við ættfræðingana Stein Dofra og Pjetur heitinn Zóphóníasson, fyrir ýmislegt sem þeir hafa sagt mér um ætt föður míns. Og eins er mér í þakklátu minni hversu ræktarlega Pjetur minntist föður míns látins í „Óðni“ Þorsteins Gíslasonar. Bók Pjeturs Zóphóníassonar um ættir Skagfirðinga er eftirtektarvert afreksverk, og hefir hann þó fleiri unnið í þeim efnum en það. Hafði ég ásett mér að reyna til að skrifa eitthvað gott um Pjetur þegar hann yrði sjötugur; en hann lifði þá því miður ekki eins lengi og jeg gerði mér vonir um. Pjetur var mikill merkismaður og hélt vel uppi þeirri fræðigreini, sem ekki má kulna út hér hjá oss. Og vonandi er, að menn taki aldrei uppá því að fara að gefa svo út Íslendingasögur, að sleppt sé ættartölunum.

—

Ég hafði fyrir löngu skrifað upp ýmislegt, sem ég ætlaði að styðjast við til að semja ritgerð eitthvað í líkingu við þessa (en þó lengri). En þegar svo átti til að taka, finnst ég það ekki. Það er orðið svo mikið af skrifuðum pappír, sem ég á í fórum mínum, að ýmislegt er mér orðið ekki auðvelt til-taks. En ég vil, af ýmsum ástæðum, ekki skjóta lengur á frest að gegna þessari ættræknisskyldu. En skylt er oss að minnst forfeðra og formæðra, og þó að formæðurnar hafi að þessu sinni orðið nokkuð útundan, vona ég að geta bætt úr því seinna.